

„Blessað stríðio“



Efnisyfirlit

Alþjóðlega stríðið.	2
Var Ísland mikilvægt?	4
Bretarnir koma	6
Hernámið á Íslandi.	8
Herstöðvar á Íslandi.	10
Meiri vinna og ný menning	12
Hin hliðin.	14
„Ástandið“	16
Skipalestir	18
Hin „saklausa“ þjóð	20
Fangi númer 68138	22
Í fangabúðum nasista	24
Sjálfstæð þjóð	26
Hvað svo?	28
„Blessað stríðið“	30
Hópverkefni.	32

„BLESSAÐ STRÍÐIÐ“

ISBN: 978-9979-0-2106-3

© 2017 Árni Stefán Guðjónsson og Hilmar Þór Sigurjónsson

© 2017 Kort og tímaás: Freydis Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Faglestur: Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Helgi Skúli Kjartansson prófessor í HÍ, Páll Baldvin Baldvinsson bókmenntafræðingur, Hjálmar Bogi Hafliðason og Sigrún Valdimarsdóttir grunnskólakennarar.

Rétthafar ljósmynda og annars myndefnis eru tilgreindir í myndaskrá aftast í bókinni.

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2017

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit: Menntamálastofnun

Umbrot – Helga Tómasdóttir, Prentsmiðja slf.

Prentun: Prentsmiðja Oddi ehf

– umhverfisvottuð prentsmiðja

„Blessað stríðið“




Árni Stefán Guðjónsson og Hilmar Þór Sigurjónsson
Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir

Alþjóðlega stríðið

Ein mesta styrjöld allra tíma náði yfir stóran hluta heimsins og stóð yfir í sex ár – frá árinu 1939 til 1945. Barist var að stórum hluta í Evrópu en einnig á Kyrrahafi, í Austur-Asíu og í Norður-Afríku. Öxulveldin sem voru Þýskaland, Ítalía og Japan börðust gegn Bandamönnum. Þeir voru Bretland, Frakkland, Bandaríkin, Sovétríkin og Kína.

Síðari heimsstyrjöldin olli gríðarlegri eyðileggingu og mannfalli víðsvegar um heiminn. Þar á meðal voru milljónir gyðinga, rómafólks og annarra minnihlutahópa sem létu lífið í fanga- og útrýmingarbúðum nasista þar sem fólk var markvisst tekið af lífi. Stríðinu lauk formlega í ágúst 1945 eftir að Bandaríkin höfðu varpað kjarnorkusprengjum á borgirnar Nagasaki og Hiroshima í Japan. Það varð til þess að Japanir



■ Öxulveldin

■ Bandamenn

Svona leit Evrópa út árið 1939 áður en styrjöldin hófst.

undirrituðu loks friðarsáttmála en áður höfðu Þjóðverjar gefist upp, í maí sama ár. Ísland lýsti strax yfir hlutleysi í stríðinu og ætlaði að sitja hjá. Staðsetning landsins var þó svo hernaðarlega mikilvæg að hlutleysið entist ekki lengi.





Franklin Roosevelt Bandaríkjaforseti, Winston Churchill forsætisráðherra Bretlands og Jósef Stalín leiðtogi Sovétríkjanna hittust á ráðstefnu í Jalta á Krímskaga og réðu ráðum sínum um skiptingu landsvæða til sigurvegara eftir síðari heimsstyrjöldina.

Umræður og verkefni


1. Leitaðu upplýsinga um það hverjar eru taldar helstu ástæður þess að seinni heimsstyrjöldin hófst.
2. Í lok stríðisins var Þýskaland gert ábyrgt fyrir því. Er það rétt ályktað? Hver var ábyrð Bandamanna?
3. Hvernig væri heimsmynd okkar í dag ef Þjóðverjar hefðu unnið síðari heimsstyrjöldina?
4. Er hægt að finna áhrif og afleiðingar seinni heimsstyrjaldarinnar enn í dag?



Var Ísland mikilvægt?


Staða Íslands í augum stríðsaðila og staða Íslands sjálfs.

- **Bretland:** Ísland er okkur mikilvægt vegna þess að við þurfum að halda yfirráðum yfir Norður-Atlantshafi, sérstaklega eftir að Þjóðverjar hernámu Danmörku og Noreg 10. apríl 1940.
- **Bandaríkin:** Ísland er okkur mikilvægt vegna þess að eftir stríðið sjáum við fram á valda-
baráttu við Sovétríkin og þar gegnir staðsetning Íslands lykilhlutverki, t.d. við að vakta ferðir kaþbáta og herflugvéla.
- **Þýskaland:** Ísland er okkur mikilvægt vegna þess að við þurfum að koma þar upp flugvöllum og höfnum, til að ná yfirráðum yfir Norður-Atlantshafi í stríðinu gegn Bretum.



Kortið sýnir hversu miðsvæðis Ísland liggur en það gerði landið mikilvægt löndunum sem áttu í stríði.

- **Sovétríkin:** Ísland er okkur mikilvægt vegna þess að þaðan fáum við lífsnauðsynlegar matar- og vopnabirgðir með skipalestum, sem halda okkur gangandi í stríðinu gegn Þjóðverjum.
- **Ísland:** Við viljum vera hlutlaus þjóð í stríðinu. Til þess að halda fullveldi okkar megum við ekki láta draga okkur inn í átökin.



10. maí 1940, dagurinn sem Bretar hernema Ísland

Herskipið HMS Berwick liggur á ytri höfninni í Reykjavík ásamt dönsku flutningaskipi sem varð hér innlyksa vegna hernáms Þjóðverja í Danmörku.

Umræður og verkefni

1. Hvernig hefði stríðið þróast ef nasistar hefðu hernumið Ísland á undan Bretum?
2. Hvers vegna er staðsetning Íslands hernaðarlega mikilvæg?
3. Hvaða þýðingu hafði Ísland fyrir stríðið í Norður-Atlantshafi?
4. Hvaða kosti og galla hefur lega Íslands í dag?

Bretarnir koma

Aðfaranótt föstudagsins 10. maí árið 1940 sveimaði bresk flugvél yfir Reykjavík og fjögur herskip stefndu til hafnar. Breskir hermenn gengu á land og tóku strax yfir Ríkisútvarpið, aðalpósthúsið og Landsímastöðina. Vopnaðir hermenn handtóku einnig á annan tug manna, þar á meðal ræðismann Þjóðverja á Íslandi, Dr. Werner Gerlach. Á sama tíma tilkynntu bresk stjórnvöld þeim Íslensku að þau sæju sig tilneydd til að taka völdin á Íslandi til þess að komast hjá þýskri innrás sem að þeirra sögn var möguleg. Þennan eftirminnilega dag þyrptust Íslendingar niður að höfn til þess að sjá þessa framandi hermenn. Fyrst komu um 2.500 hermenn en þeim fjölgaði fljótt og á nokkrum mánuðum voru þeir orðnir 25.000.



Fjórir hermenn standa vörð í Fossvogi daginn sem Bretar hernámu Ísland.

Eftir að herinn hafði skorið á samskipti Íslands við umheiminn var röðin komin að því að byggja upp aðstöðu hersins. Byggður var flugvöllur í Reykjavík og í Kaldaðarnesi við Selfoss, flota-


ÞJÓÐVILJINN

V. ARGANGUR.
LAUGARDAGUR 11. MAÍ 1940.
106. TÖLUBLAÐ.

Breskur her réðst á Ísland í gær hertók Reykjavík og nágrenni

**Hlutleysi Íslands er þar með rofið af bresku hervaldi, sjálfstæði
vort traðkað og landið dregið inn í ófriðarbálið**

Sjómönnum vorum og öðrum landsbúum stofnað í hættu með þessu gerræði breska hervaldsins
Íslenska ríkisstjórnin hefur mótmælt þessu hlutleysisbroti Breta



Braggar voru auðveldir í uppsetningu og gátu hýst tugi hermanna. Skálarnir voru hálfhringlaga og voru notaðir sem skemmur og herskálar. Alls voru um 12.000 braggar reistir á hernámsárunum. Eftir stríð voru þeir notaðir sem íbúðarhúsnæði fyrir Íslendinga. Þetta er Camp Knox sem stóð þar sem Melahverfið í Reykjavík er nú.

bækistöð í Hvalfirði, vegir og stígar voru lagðir og stór *braggahverfi* risu, ásamt því að herinn dreifði úr sér víðsvegar um landið.

Hernámið á Íslandi átti sér þó dálítinn aðdraganda og var alls ekki óvænt. Breska ríkisstjórnin hafði sagst vilja koma upp varnar- og eftirlitsstöðvum til þess að koma í veg fyrir að Þjóðverjar réðust inn í landið. Þannig gætu Bretar haldið yfirráðum Bandamanna á Norður-Atlantshafi. Ísland var því hernaðarlega mikilvægur miðpunktur á milli Evrópu og Ameríku. Adolf Hitler varð því ókátur við fréttirnar af hernáminu. Hann hafði jafnvel hugsað sér að ráðast á Ísland sumarið 1940 eftir að Bretar höfðu hernumið

landið en kom þeirri áætlun aldrei í framkvæmd. Íslenska ríkisstjórnin mótmælti hernáminu harðlega og undirstrikaði hlutleysi landsins í stríðinu.

Umræður og verkefni

1. *Afhverju vildu Íslendingar halda í hlutleysi sitt í stríðinu og gerðu þeir það í raun?*
2. *Er hægt að ætlast til þess að hlutleysi þjóða sé virt í stríði?*
3. *Ísland er aðili að varnarbandalagi Evrópu og Bandaríkjanna sem kallast Nató. Hvaða hlutverk hefur það bandalag?*
4. *Ætti að vera herskylda á Íslandi? Hvað mælir með því og hvað á móti?*

Hernámið á Íslandi


Stafaði Íslendingum hættu af Þjóðverjum?

Að morgni 3. nóvember 1940 vöknudu íbúar Reykjavíkur við skotárás Breta á þýska flugvél sem var í mikilli hæð yfir bænum. Skothríðin kom frá loftvarnarbyssum sem sprengdu kúlur í mikilli hæð og mynduðu sprengingarnar lítil svört ský. Kúlurnar sprungu allt í kringum flug-

vélina en engin hæfði hana og náði þýska vélin að hækka flugið og hverfa burt. Flugvélin náði líklega að klára verkefni sitt sem var að taka myndir af Reykjavíkursvæðinu og herstöðvum sem þar voru. Þetta atvik sýndi Íslendingum að hættan á að stríðsátökin næðu til Íslands var raunveruleg.



10. maí 1940, dagurinn sem Bretar hernámu Ísland. Breskir hermenn í fylkingu á gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis, það sér í hús Landsbankans.



13. júlí 1941, skoskir hermenn ganga framhjá yfirmönnum breska setuliðsins, við Alþingishúsið.

Sumarið 1941, rúmu ári eftir komu Bretar til Íslands og rúmum sex mánuðum áður en Bandaríkin hófu þátttöku í stríðinu, ákvað Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, að hann skyldi koma Bretum til aðstoðar. Í því fólst meðal annars vernd kaupskipa á Atlantshafinu og að taka við hvernd Íslands en það vakti nokkra gleði meðal ráðamanna á Íslandi. Þeir höfðu mótmælt ólöglegri innrás Bretar í landið og vildu frekar hafa stórveldið í vestri en stríðshjáða Bretana. Bandaríkjamenn lofuðu einnig að fara með hermenn sína frá landinu eftir að stríðinu lyki sem styrkti enn frekar stefnu Íslendinga um hlutlaust ríki.


Hernámssliðið fór því úr 25.000 manns í næstum 50.000 á stuttum tíma. Umtalsverðar breytingar urðu á íslenskrum menningu sem varð fyrir miklum bandarískum áhrifum á stuttum tíma. Í kjölfar komu Bandaríkjamanna hélt breski herinn aftur til síns heima til þess að berjast gegn Þjóðverjum.

Umræður og verkefni

1. Hvers vegna tóku Bandaríkin við hernámi á Íslandi í stað Bretar aðeins ári eftir að Bretar tóku landið?
2. Var raunveruleg ógn af Þjóðverjum á Íslandi eftir að Bretar hernámu Ísland?

Herstöðvar á Íslandi






Hermenn í varðstöðu við vélbyssuhreiður.

Umræður og verkefni

1. *Hvar getum við enn þá fundið minjar um stríðið á Íslandi?
Hvaða minjar eru það?*
2. *Hvaða minjar um stríðið má finna í þinni heimabyggð?*

Meiri vinna og ný menning

Strax við komu Breta hófst vegagerð, ásamt uppbyggingu á flugvöllum og húsnæði undir starfsemi þeirra. Íslendingar fengu því mikla vinnu á skömmum tíma og atvinnuleysi varð nánast óþekkt. Í nóvember 1940 voru um 1.700 Íslendingar í vinnu hjá breska hernum og sumarið 1942 voru um 4.000 Íslendingar í vinnu hjá þeim bandaríska. Aðsóknin í vinnu hjá hernum var það mikil að bera tók á skorti á starfsfólki í öðrum atvinnugreinum á borð við sjávarútveg og landbúnað. Ástæður fyrir því að það þótti meira spennandi að vinna hjá hernum voru m.a. að launin voru góð og kröfurnar um afköst voru ekki eins miklar og í almennri verkamannavinnu þar sem allt var unnið með handafli og vinnudagarnir voru langir.



Íslenskur verkamaður í Bretavinnu ásamt hermanni við Þormódsstaði í Reykjavík.



Bandarísk herhjúkrunarkona og hermenn gæða sér á Kóki sem þau hafa kælt í læk við braggahverfi sitt í Mosfellssveit.

Á næstum einni nóttu breyttist Reykjavík gríðarlega og lífsstíll fjölmargra Íslendinga um leið. Djasstónlist fór að heyrast meira á veitingastöðum, kaffihúsum og skemmtistöðum sem voru nær alltaf troðfullir af fólki. Íslendingar kynntust breska réttinum „fish-and-chips“, hamborgurum, poppkorni og tyggigúmmí og „Kaninn“, eins og Bandaríkjamenn voru gjarnan nefndir, kynnti Coca-Cola fyrir Íslendingum árið 1942. Bíómenning tók vaxtarkipp í kjölfar hernámsins. Bíóhús með bandarískum og breskum bíómyndum voru nánast alltaf þéttsetin. Íslensk tunga varð fyrir miklum áhrifum

frá enskunni og fólk fór að segja „hæ“ og „bæ“. Hollywoodleikarar urðu hetjur ungmenna og komu í stað þúsund ára gamalla sagna um Gretti Ásmundarson og Njál Þorgeirsson. Her-setuliðið setti því óneitanlega svip sinn á íslenskt samfélag.

Umræður og verkefni

1. Kynntu þér hvaða menning kom með bandarískum hermönnum til Íslands?
2. Hvaða áhrif hafa Bandaríkin á daglegt líf okkar í dag?

Hin hliðin

Mótspyrna við hernámsliðið var lítil frá almenn- ingi. Það þótti frekar spennandi að sjá nýtt og framandi ævintýri gerast á litla Íslandi. Flestir voru fegnir því að hingað væru komnir Bretar en ekki Þjóðverjar. Þrátt fyrir það fóru íslensk stjórnvöld að óttast meira og meira þýskar loft- árásir og brugðust við meðal annars með því að senda börn í sveit og byggja loftvarnarbyrgi. Eignir á borð við verðmæt málverk, mikilvæg skjöl og bækur í bókasöfnum voru fluttar úr Reykjavík af ótta við að til átaka kæmi.

Þegar mest lét voru um 50.000 hermenn á Íslandi, flestir karlmenn á aldrinum 18–35 ára sem gengið höfðu í herinn í heimalandi sínu. Sumir þeirra vildu berjast fyrir þjóð sína, aðrir vildu upplifa eitthvað nýtt. En flestir áttu það sameiginlegt að vera venjulegt fólk með tilfinn- ingar og fjölskyldu sem beið þeirra heima. Yfir- leitt voru þeir kallaðir í herinn vegna herskyldu og voru því ekki sjálfboðaliðar í stríðinu.



Hermenn á tali við íslensk börn.

„Jákvæði Íslendingurinn“

Mér þykir frábært að Ísland stígi inn í nútímann hvað tækni varðar og sjá að atvinnuleysið hverfur með Bretavinnunni. Svo er líka gott að þetta séu Bretar frekar en Þjóðverjar.

„Neikvæði Íslendingurinn“

Þeir eru að taka konurnar frá okkur og valda miklum usla í okkar hljóðláta samfélagi! Það er ekki pláss fyrir svona marga hermenn hérna og við höfum ekkert í þetta stríð að gera!

„Jákvæði dátinn“

Það er gott að vera ekki á vígvöllum Evrópu eða Kyrrahafsins. Hér hef ég það gott í kyrrlátu samfélagi þar til þessi ósköp verða búin.

„Neikvæði dátinn“

Þessi útnári á jaðarsvæði heimsins er að gera mig vitlausan! Veðrið hérna er skelfilegt, fólkið er skrítið og það er ekkert að gera!

Umræður og verkefni

1. Hvers vegna var andspyrnan gegn hernámsliðinu ekki meiri hér á landi, líkt og í mörgum öðrum Evrópulöndum?
2. Skoðaðu hugleiðingar hermansins Lewis Marshall frá Texas. Hvernig líður honum hér á landi? Hvað finnst honum erfiðast við að vera hér?

**Hugleiðingar hermansins**

Byggt á frásögn Lewis Marshall

Ég er ekki í heitu Texas-ríki Bandaríkjana lengur. Ég virðist vera í útnára heimsins í ísköldu loftslagi þar sem getur verið sólskin, rigning og snjókoma á sömu fimm mínútunum. Ég fer fram úr beddanum og ætla á kamarinn sem er staðsettur utan við braggann minn. Um leið og dyrnar opnast sé ég þó að það er enn einn hríðarbylurinn í Langastræti. Það er meira að segja erfitt að loka hurðinni á eftir mér þegar ég stíg út fyrir – það er svo kalt. Eftir aðeins þrjú skref renn ég á klakanum og dett á hausinn. Þegar ég ligg í ísköldum snjóskaflinum get ég ekki annað en hugsað með mér hvernig Íslendingar fari að þessu. Á ég að hlæja eða gráta? Þetta er ekki eins og heima. Áður en ég var dreginn inn í þetta stríð var ég með eyðimerkurvindinn í andlitinu á meðan ég hafði það gott með fjölskyldunni. Núna er það nístingskuldi norðursins. Ég vil fara heim.

„Ástandið“

Bresku og bandarísku hermennirnir sem hingað komu voru margir hverjir ungir karlmenn, sem vöktu mikla hrifningu íslenskra kvenna. Hermennirnir voru vel klæddir, snyrtilegir til fara og töluvert frábrugðnir íslenskum karlmönnum. Samskipti íslenskra kvenna og herliðsins voru mismunandi. Sumar konur tóku að sér að þvo þvott þeirra, aðrar fengu vinnu á veitinga- og kaffihúsum sem þeir sóttu, sumar mættu á böll og dönsuðu við hermenn á meðan aðrar áttu í ástarsambandi og enduðu jafnvel á að giftast þeim.

Þessi samskipti íslenskra kvenna og hernámsliðsins vöktu mikla reiði fjölmargra Íslendinga. Skömmu eftir hernám fóru að birtast greinar í dagblöðum þar sem íslenskt kvenfólk var harðlega gagnrýnt fyrir samskipti sín við hernámsliðið. Hermann Jónasson, dómsmála- og forsætisráðherra, ákvað að bregðast við með því að ráða Jóhönnu Knudsen til að fylgjast með samskiptum íslenskra kvenna og hernámsliðsins. Jóhanna, sem varð þar með fyrsta íslenska lögreglukonan, gekk hins vegar gríðarlega hart fram í verkum sínum. Hún fylgdi stúlkum



Samkvæmi í hermannabragga.



eftir, yfirheyrði og hélt ítarlegar skýrslur um nærri því þúsund íslenskar stúlkur og konur á árunum 1941 til 1944 þegar hún lét af störfum.

Á þessum tíma, sem gjarnan hefur verið kenndur við *ástandið*, fóru ef til vill fram einhverjar mestu persónunjósniðir sem um getur í sögu Íslands. En hvers vegna var fólk svona hrætt við samskipti kvenna og hernámsliðsins? Fyrir því eru tvær mögulegar ástæður: Annars vegar vildi almenningur og foreldrar vernda hinn íslenska kynstofn, sem talinn var í hættu vegna náinna samskipta íslenskra kvenna og hernámsliðsins. Hins vegar þurfti Hermann Jónasson að passa upp á að gefa ekki of mikið eftir til hernámsliðsins og þess vegna brást hann við málinu af slíkri hörku. Auk þess að ráða Jóhönnu til starfa stofnuðu stjórnvöld sérstaka nefnd sem málaði


afar dökka og ýkta mynd af samskiptum Íslendinga við hernámsliðið. Skipaður var ungmennadómstóll sem dæmdi í einstökum málum. Ef stúlkur undir 20 ára aldri voru fundnar sekar um það sem kallað var ósiðleg samskipti við hermenn gátu þær átt á hættu að vera fluttar nauðugar út á land, ýmist í sveit eða á vinnuhæli sem stofnuð voru sérstaklega til að bregðast við þessu „skelfilega“ ástandi.

Umræður og verkefni

1. Hefði það skipt máli ef þúsundir ungra kvenna hefðu komið til Íslands í stað karla? Hvaða áhrif hefði það haft á samfélagið?
2. Hvernig lítum við á þetta tímabil sem kennt var við ástandið í dag? Hver er þín skoðun á því?

Skipalestir

Eftir að Þjóðverjar réðust inn í Sovétríkin sumarið 1941 hófu Bandamenn að senda Sovétmönnum vistir í miklum mæli til þess að styðja stríðsrekstur þeirra. Með því að leggja undir sig Sovétríkin hefðu Þjóðverjar drottnað yfir Evrópu og farið langt með að vinna stríðið. Þannig urðu íslenskar hafnir gríðarlega mikilvægar fyrir skipalestir Bandamanna sem fóru frá Bandaríkjunum og Bretlandseyjum, til Íslands, norður fyrir Noreg og alla leið til Sovétríkjanna. Í Hvalfirði var gott skipalægi þar sem skipum frá Ameríku og Bretlandi var safnað saman til Rússlandsferða.



Kortið sýnir leiðina sem skipalestirnar sigldu á leið sinni til Sovétríkjanna.

Skipalest

Stór floti skipa sem samanstóð af kaupskipum í miðjunni og herskipum fyrir framan, aftan og til hliða. Tilgangur þeirra var að flytja mat, hergögn og aðrar vistir til að halda stríðsrekstrinum gangandi. Skipalestir voru oft gríðarlega stórar og tugir skipa með í för.

Árásir á skipalestir frá þýskum kaþbátum og flugvélum voru mjög algengar og því þurftu skipverjar að hafa stanslausan vara á. Noregur var á valdi Þjóðverja sem gerði leið skipalestanna mjög hættulega. Alls fóru 19 skipalestir frá Íslandi til Rússlands frá ágúst 1941 til haustsins 1942. Nokkrir íslenskir sjómenn voru í áhöfn erlendu skipanna sem sigldu þessa leið.

Umræður og verkefni

1. Hvers vegna sendu Bandamenn ekki hergögn og matvæli með flugvélum í stað þess að nota skipalestir?
2. Farðu á Google Maps og finndu Hvalfjörð á kortinu. Hvers vegna heldur þú að Bandamenn hafi nýtt Hvalfjörð sem flotabækistöð í stríðinu?

„Dauðalestin PQ-17“

Um mitt sumar 1942 lögðu 35 flutningaskip úr höfn frá Hvalfirði auk 15 herskipa sem voru vel vopnum búin, til varnar flutningaskipunum. Þetta var stærsta skipalest stríðsins fram til þessa og voru þau hlaðin varningi sem nýta átti í stríðsrekstri Sovétríkjanna. Áætlun skipalestarinnar, sem fékk heitið PQ-17, var að sigla til hafnarborgarinnar Arkhangelsk í Sovétríkjunum. Að minnsta kosti fjórir Íslendingar voru með í för. Aðeins fjórum dögum eftir brottför fundu þýskar flugvélar skipalestina nálægt Svalbarða og hófu stanslausar árásir á hana næstu vikuna. Þegar fréttir bárust af því að þýskur floti biði PQ-17 utan norðurstrandar Noregs skipuðu bresk stjórnvöld skipalestinni að dreifa sér til að þau yrðu ekki fyrir árás. Þegar Þjóðverjar sáu það sneru þeir orrustuskipi sínu aftur til hafnar en fyrirskipuðu kaþbátum og flugvélum að ráðast á skipin sem nú sigldu ein og óvarin til hafnar. Aðeins 11 skipum af 35 tókst að ná til hafnar, hinum var öllum sökkt. Allir Íslendingarnir fjórir lifðu af þessa för Dauðalestarinnar, sem svo hefur verið nefnd.



Frásögn Guðbjörns Guðjónssonar, 19 ára íslensks skipverja á bandaríska skipinu Ironclad sem sigldi með PQ-17:

Þjóðverjarnir komu fljúgandi aftan að skipalestinni okkar fyrir neðan möstur skipanna þannig að það var ekki hægt að skjóta á þá, því annars var hætt á að skjóta niður næsta skip. Þegar við vorum kallaðir út vegna loftárása var mitt hlutverk að vera á pallinum þar sem stærsta fallbyssan var og taka á móti skothylkjunum úr byssunni þegar hún hrækti þeim út úr sér. Hylkin voru sjóðheit þegar búið var að skjóta mikið og ég varð að hafa vettlinga til þess að taka þau upp og kasta þeim útbyrðis. Í einni slíkri orrahríð tók ég eftir að einn skápur var opin og fullur af skotum. Ég flýtti mér að skella hurðinni á honum aftur og var síðar sagt að með þessu hefði ég líklega bjargað skipinu. Eitt skotið rúllaði nefnilega beint á skápahurðina. Hefði hún verið enn opin hefði hylkið lent á skotunum og skipið allt sprungið í loft upp.

Hin „saklausa“ þjóð

Margir umdeildir atburðir áttu sér stað í síðari heimsstyrjöldinni og þó svo að Ísland hafi ekki verið í miðju átakanna, vorum við þar ekki undanskilin. Þannig gerðist það til að mynda að flóttamönnum af gyðingaættum var beinlínis neitað um að setjast að á Íslandi. Flóttamennirnir voru flestir að flýja skelfilegar ofsóknir sem þeir urðu fyrir í kjölfar valdatöku nasista í Þýskalandi þar sem þeir áttu á hættu að enda í fanga- og síðar útrýmingarþúðum. Einungis um 30–40 fengu inngöngu í landið af þeim nokkur hundruð manns sem það reyndu. En hvers vegna?

Til er bréf frá ríkisstjórn Hermanns Jónassonar forsætisráðherra sem segir að ríkisstjórnin hafi einfaldlega verið á móti því að veita þýskum gyðingum landvistarleyfi hér á landi, líkt og á hinum Norðurlöndunum. Þá eru sumir sem benda á það að á Íslandi ríkti kreppa og mikið var um atvinnuleysi árin fyrir stríð og því erfitt að réttlæta það að hleypa inn í landið útlendingum sem hefðu þurft á aðstoð og vinnu að halda. Líklegasta skýringin er þó sú að yfirvöld hér á landi hafi hreinlega viljað vernda íslenska kynstofninn – það er að segja að passa upp á að útlendingar næðu ekki að setjast hér að og blandast þjóðinni.



Kannski er besta dæmið um þessa verndunarstefnu að finna í hverndarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var árið 1941. Þar setti Hermann inn ákvæði um að hingað til lands yrði einungis sent „úrvalsið“ hermanna. Með þessu var átt við að hingað kæmu einungis hermenn sem væru hvítir á hörund. Þetta ákvæði var haft í huga við gerð varnarsamningsins við Bandaríkin sem undirritaður var árið 1951 og sagt er betur frá í kaflanum *Hvað svo?* hér síðar í bókinni.



Björn Sv. Björnsson var liðsforingi í Waffen-SS sveitum nasista í stríðinu en hersevit hans tók meðal annars þátt í bardögum gegn Rússum á austurvígstöðvunum svonefndu. Björn starfaði

sem fréttaritari en árið 1944 var hann risinn það hátt til metorða að þegar nasistar ákváðu að taka yfir höfuðstöðvar danska ríkisútvarpsins, var Björn skipaður útvarpsstjóri í nokkra daga. Í stríðslok var Björn handtekinn í Danmörku og settur í fangelsi en áður en dæmt var í máli hans var hann látinn laus og náði að komast aftur heim til Íslands.



Ólafur Pétursson var búsettur í Noregi á stríðsárunum og gekk þar til liðs við leyniþjónustu þýska hersins. Ólafur sveik fjölmarga einstaklinga í hendur nasista, sem margir hverjir enduðu í

fangagöngum og/eða útrýmingarþúðum. Þeirra á meðal var Íslendingurinn Leifur Müller. Eftir stríð var Ólafur dæmdur til 20 ára fangelsisvistar í Noregi fyrir glæpi sína en eftir að hafa afplánað einungis þrjá mánuði af dómnum, var honum „bjargað“ heim til Íslands, eftir að íslenskir ráðamenn höfðu beitt Norðmönnum miklum þrýstingi.

Vissir þú? Björn Sv. Björnsson var sonur Sveins Björnssonar, ríkisstjóra Íslands eftir hernám Danmerkur og síðar fyrsta forseta landsins. Það að Björn var sonur forseta Íslands gerði mál hans töluvert umdeildara, enda telja sumir að foreldrar hans, ásamt íslenska ríkinu hafi aðstoðað við að fá hann lausan í stríðslok.

Íslenskir nasistar: Þó að enginn formlegur nasistaflokkur hafi verið starfandi hér á landi á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld, voru þó til menn sem hrifust af hugmyndafræði nasista. Þeir stofnuðu stjórn málaflökk í apríl 1933 sem hét *Þjóðernishreyfing Íslendinga*, nokkrum vikum eftir að Adolf Hitler komst til valda í Þýskalandi. Flokkurinn breyttist ári síðar í *Flokk þjóðernissinna*. Markmið flokksins var að mestu barátta gegn kommúnisma, sem margir hverjir óttuðust mjög. Flokkurinn fékk þó aldrei mikið fylgi og lognaðist endanlega útaf árið 1944, þegar ljóst var að nasistar myndu ekki sigra í síðari heimsstyrjöldinni.


Umræður og verkefni

1. Hvað finnst þér um það að menn hafi viljað „vernda“ íslenska kynstofninn frá því að blandast erlendu fólki? Hefurðu tekið eftir svipaðri umræðu á Íslandi í dag?
2. Finnst þér rétt að íslenska ríkið skyldi aðstoða þá Björn og Ólaf við að losna úr fangelsi og komast aftur til Íslands í stríðslok?


Fangi númer 68138

„Út með ykkur, letidýr,“ var það fyrsta sem við heyrðum öskrað þegar lestardyrnar voru opnaðar á járnbrautastöðinni við Sachsenhausen fangabúðirnar. Fyrir utan stóð hópur SS-manna með byssur, svipur og stóra geltandi hunda. Okkur var skipað að stilla okkur upp í fimmfalda röð. Af framkomu SS-mannanna, skrækjum þeirra og orðfæri, sá ég strax að þetta voru hreinræktaðir nasistar og til alls líklegir. Áður en þeir ráku okkur af stað fengum við ströng fyrir-mæli um að ganga í takt. Síðan byrjuðu þeir að telja taktinn og öskra: „Eins! Zwei! Eins! Zwei!“

Þannig hefst tíundi kafli ævisögu Leifs Muller, þekktasta Íslendingins sem komst lífs af úr helförinni. En hvernig fór 22 ára gamall strákur frá því að vera íslenskur námsmaður yfir í að vera fangi í einum alræmdustu fangabúðum síðari heimsstyrjaldarinnar?




Þeir sem voru auðkenndir með rauðum þríhyrningi voru pólitískir fangar og nutu meiri virðingar en margir aðrir hópar fanga, svo sem gyðingar eða samkynhneigðir.



Fangi 68138, mynd af Leifi úr spjaldskrá Sachsenhausen-fangabúðana.

Leifur var við nám í Ósló þegar Þjóðverjar hernámu Noreg árið 1940. Í kjölfarið ætlaði hann að koma sér aftur til Íslands í gegnum Svíþjóð og síðar Bretland en Ólafur Pétursson uppljóstraði um áform hans og kom upplýsingunum til leynilögreglu Þjóðverja, *Gestapo*. Leifur var handtekinn árið 1942 og settur í fangelsið Grini sem var fyrir utan Ósló. Síðar var hann færður til Sachsenhausen fangabúðanna sem voru í Þýskalandi í nágrenni við Berlín.



Á kortinu er rakin leið Leifs Muller milli fangabúða

Við komuna til Sachsenhausen var Leifur merktur með rauðum þríhyrningi. Það þýddi að hann var pólitískur fangi en ekki gyðingur, annars hefði hann verið merktur með tveimur þríhyrningum sem mynda Davíðsstjörnuna. Það að vera pólitískur fangi þýddi einnig að fangarnir fengu ekki jafn harkalega meðferð og gyðingar.

Umræður og verkefni

1. Skoðaðu á korti hvar helstu fangabúðir nasista voru. Í hvaða löndum voru þær helstu og hvað hétu þær?
2. Kynntu þér hvernig fólk var merkt á ólíkan hátt eftir því hvaða stöðu það hafði.

Í fangabúðum nasista

„...ef eitthvert helvíti er til á þessari jörð, þá er það í gereyðingarbúðum nazistanna“ (Leifur H. Muller, *Í fangabúðum nazista*, 1945.)

„Ábreiðurnar sem voru í fletunum okkar höfðu til dæmis ekki verið þvegnar í tíu ár, síðan fangabúðirnar voru stofnaðar. Þótt maður þvægi sér vel og vandlega, eins og maður hafði vanist heima hjá sér áður en maður fór að sofa, þá fékk maður strax á sig einhverja sýkla jafnskjótt og maður kom við ábreiðurnar og svo varð maður að liggja nakinn vegna hitans í þessu sýklabæli. Gólfín voru aldrei þvegin. Borðið, sem ég smurði brauðið mitt á var svart af

flugum sem komu flestar utan af salerninu. Af því var bara þurrkað með rakri tusku, sápa var ekki til. Færi maður í sjúkrahúsið var hinn sami spaði notaður við að smyrsla alla sjúklinga, hvort sem þeir höfðu stór sár eða lítil, hættuleg eða ekki. Ef maður fékk tannverk var maður rannsakaður með litlum spegli sem var stungið upp í mann til að leita eftir skemmdum. Sami spegillinn var notaður á alla sjúklinga og aldrei þvegin á milli. Þeir sem ætluðu að vera gætnir og gera varúðarráðstafanir dóu oftast fyrstir.“

Eftir að Leifur kom heim til Íslands kvæntist hann, eignaðist börn, tók við verslunarrekstri



Úr gyðingahvefinu í Varsjá í Póllandi. Þjóðverjar stofnuðu alls 356 gettó í Póllandi, Rússlandi og víðar um Evrópu.

föður síns og reyndi að lifa eðlilegu lífi. Það gekk þó misvel, meðal annars vegna þess að Ólafur Pétursson, sá sem sagði til hans í Noregi árið 1942, var einnig fluttur til Íslands undir verndarvæng íslenskra stjórnvalda. Leifur og Ólafur sáust eitt sinn á götu í Reykjavík eftir stríðið en fyrir utan það hittust þeir aldrei eða töluðust við um það sem gerðist í Noregi. Leifur lést úr krabbameini árið 1988 en örfáum mánuðum áður ferðaðist hann til Noregs til að vera við minningarathöfn um helförina þar sem hann hitti félagu sína úr Sachsenhausen. Leifur náði sér aldrei, hvorki líkamlega né andlega.

Leifur hélt litla dagbók á stríðsárunum og skrifaði reglulega punkta í hana. Strax eftir stríðið árið 1945 gaf hann út bókina *Í fangabúðum nazista*. Í hana skrifaði hann meðal annars þennan hluta úr laginu Prisoner's Song eftir Vernon Dalhart frá árinu 1924:


*If I had the wings of an angel
Over these prison walls I would fly
And I'd fly to the arms of my darling
And there I'd be willing to die.*

Mannfall Íslendinga í stríðinu.

Í stríði eru fyrstu fórnarlömb óbreyttir borgarar en ekki atvinnuhermenn. Íslendingar voru ekki undanskildir mannfalli í stríðinu og telja nýjustu tölur um 229 íslenska einstaklinga sem létu lífið vegna stríðsins. Hluti þeirra dó af völdum hersetuliðsins, ýmist vegna misskilnings eða að þeir neituðu að hlýða skipunum hermannanna. Örfáir létust í fangabúðum í Evrópu. En flestir

létu lífið á kaupskipum eða fiskibátum sem sigldu á tundurdufl eða urðu fyrir árásum kaubáta og flugvéla. Þá voru nokkrir sem létust í skipalestunum til Sovétríkjanna. Þrátt fyrir að 229 sé ekki ýkja há tala í samanburði við mannfall á austurvígsstöðvunum þá létust hlutfallslega á móta margir Íslendingar og Bandaríkjamenn og fleiri Íslendingar létust hlutfallslega en Danir.

Mannfall í stríðinu



Umræður og verkefni

1. Kynnið ykkur sögu Leifs Muller t.d. í ævisögu hans, *Býr Íslendingur hér eftir Garðar Sverrisson*.
2. Hvernig líður Leifi í fangabúðunum? Hvað segir enska vísan á síðunni okkur um líðan hans?
3. Skoðið tölur um mannfallið í stríðinu. Hvert er hlutfallið milli hermanna og óbreyttra borgara?

Sjálfstæð þjóð

„Þótt mér þyki leitt að skilnaðurinn milli mín og íslensku þjóðarinnar hafi orðið meðan svo stendur á sem nú er, vil ég láta í ljós bestu óskir mínar um framtíð íslensku þjóðarinnar og von um að þau bönd, sem tengja Ísland við hin norrænu lönd, megi styrkjast.“

Kristján X.

Hinn 17. júní árið 1944 var mikil hátíð á Þingvöllum þegar Íslendingar fögnuðu því að hafa loksins fengið fullt sjálfstæði. Atburðurinn markaði endalok langrar baráttu Íslendinga til að ráða sér sjálfir en landsmenn höfðu verið undir stjórn



danskra og norskra konunga í um 800 ár. Stórt skref var stigið í baráttunni árið 1918 þegar *Sambandslögin* voru samþykkt með miklum meirihluta og landið varð fullvalda en í konungssambandi við Danmörku.

Eftir að Þjóðverjar hernámu Danmörku árið 1940, veltu menn meðal annars upp þeirri spurningu hvort Danir væru færir um að uppfylla Sambandslögin og vildu því slíta sambandi ríkjanna. Sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar væru hvort eð er teknir við öllum skyldum Dana samkvæmt samkomulaginu og væru því

Hraðskilnaðarmenn

Vildu slíta sambandinu við Dani eins fljótt og hægt var. Ísland yrði þannig algjörlega óháð Danmörku og hefði eigin þjóðhöfðingja. Helsti talsmaður þeirra var Bjarni Benediktsson, sem á þessum tíma var borgarstjóri Reykjavíkur en gegndi síðar embættum dómsmála-, utanríkis- og forsætisráðherra.

Í raun orðnir sjálfstæðir. Lögin höfðu sagt til um að hægt væri að slíta sambandinu árið 1943 en þar sem Danmörk var undir hernámi, þótti mörgum það ekki við hæfi að slíta sambandi ríkjanna á þann veg. Skiptust menn gjarnan í tvær fylkingar, annars vegar *hraðskilnaðarmenn* og hins vegar í *lögskilnaðarmenn*. Hraðskilnaðarmenn vildu slíta sambandinu við Dani sem allra fyrst, enda gætu Danir ómögulega sinnt utanríkismálum Íslendinga á meðan Þjóðverjar réðu landinu. Lögskilnaðarmenn vildu frekar bíða til stríðsloka og taka málið þá upp með Dönum, sem væru þá lausir undan hernáminu.

Niðurstaðan var nokkurs konar málamiðlun, þar sem gengið var til þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944 og sambands slitin, ásamt lýðveldisstofnuninni, voru samþykkt með yfirlausn meirihluta af þeim rúmlega 72.000 Íslendingum sem greiddu atkvæði.



Sveinn Björnsson forseti skrifar undir eiðstafinn um að halda stjórnarskrá Íslands.

Lögskilnaðarmenn

Vildu fara samningaleiðina og gefa Dönum færi á því að segja sína skoðun í sambands slitamálinu. Sumir þeirra vildu íhuga þann kost að Danakonungur yrði áfram þjóðhöfðingi Íslands en þó án formlegra valda, líkt og í mörgum löndum sem áður voru undir stjórn Bretlands. Þeirra helsti talsmaður var Sveinn Björnsson, ríkisstjóri Íslands eftir hernám Danmerkur og síðar fyrsti forseti landsins.

Hvað voru Sambandslögin? Sambandslögin voru lög, samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1918, sem sögðu að Ísland skyldi vera frjálst og fullvalda ríki en í konungssambandi við Danmörku og að Danir myndu meðal annars sjá um utanríkismál Íslendinga.

Umræður og verkefni

1. *Hvort finnst þér hraðskilnaðarmenn eða lögskilnaðarmenn hafa haft meira til síns máls?*
2. *Lestu ummæli Kristjáns X. Danakonungs á bls. 26. Hvað á hann við þegar hann segir: „Þótt mér þyki leitt að skilnaðurinn milli mín og íslensku þjóðarinnar hafi orðið meðan svo stendur á sem nú er?“*
3. *Var það rétt af Íslendingum að slíta sambandi við Dani á meðan landið var undir hernámi Þjóðverja?*

Hvað svo?

Marshall-aðstoðin

Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk formlega árið 1945 hafði Ísland gengið í gegnum einhver mestu umskipti í sögu landsins. Landið var nú komið í hóp ríkustu þjóða Evrópu og ólíkt flestum öðrum Evrópuþjóðum, þurftu Íslendingar ekki að ráðast í gríðarlega enduruppbyggingu á skaða sem síðari heimsstyrjöldin olli. Þar að auki hafði breska og bandaríska herliðið bætt samgöngumál landsins til muna, meðal annars með byggingu flugvalla í Reykjavík og Keflavík.

Ríkisstjórn landsins ákvað að nýta þetta nýfengna fé að miklu leyti til kaupa á nútímalegum togurum, ásamt uppbyggingu í sjávarútvegi og landbúnaði. Öll sú uppbygging hjálpaði vissulega mikið til en þýddi á móti að Íslendingar þurftu aftur á meiri fjármunum að halda og þá kom *Marshall-aðstoðin* til sögunnar. Um var að ræða fjárhagsaðstoð á vegum Bandaríkjamanna sem var ætluð til að aðstoða við uppbyggingu Evrópu eftir hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar.

Sumir stjórnámálmenn voru í fyrstu hikandi við að þiggja sinn hluta af aðstoðinni, enda hafði stríðið haft afar jákvæð áhrif á efnahag landsins, líkt og áður kom fram. Þegar upp var staðið létu stjórnvöld samt til leiðast og fengu tugi milljóna bandarískra dollara, bæði í beinan styrk og í formi lána sem borga þurfti til baka.

Ef miðað er við höfðatölu fengu Íslendingar mest allra landa út úr Marshall-aðstoðinni. Þannig fékk hver einstaklingur á Íslandi um 209 bandaríkjadali í sinn hlut, á meðan íbúar Hollands fengu „einungis“ 109 bandaríkjadali á mann. Ein af ástæðunum fyrir þessari miklu gjafmildi Bandaríkjanna var sú staðreynd að Ísland var þeim afar mikilvægt vegna legu landsins.



Kalda stríðið

Eftir síðari heimsstyrjöldina kom upp staða í samskiptum milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sem kennd hefur verið við kalt stríð, þar sem aldrei kom til beinna átaka á milli landanna.



Leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna þeir Ronald Reagan og Mikhail Gorbachev funduðu á Íslandi í október 1986 og er sá fundur talinn marka upphafið að endalokum kalda stríðsins.

Leggja Íslands á Atlantshafi þýddi að landið var í lykilstöðu þegar kom að eftirliti með flota-umsvifum Sovétríkjanna. Bandaríski herinn fór frá Íslandi í kjölfar undirritunar *Keflavíkursamningsins* 1946 sem fjallaði m.a. um að bandaríski herinn skyldi yfirgefa Ísland en starfsmenn á vegum hersins myndu þó áfram sjá um rekstur Keflavíkurlflugvallar, sem Íslendingar fengu afhentan til eignar.

Íslendingar gengu til liðs við Sameinuðu þjóðirnar árið 1946 og eftir að samskipti Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Vestur-Evrópu

við Sovétríkin fóru versnandi, var stofnað sérstakt varnarbandalag sem kallað var *Norður-Atlantshafsbandalagið* eða NATO.

Ísland gerðist stofnaðili að NATO árið 1949 eftir afar harðar deilur hérlandis. Yfirlýst stefna bandalagsins var sú að ef einhver meðlimur þess yrði fyrir árás, kæmu aðrir meðlimir bandalagsins til aðstoðar. Þetta fór ekki saman við þá stefnu Íslands að vera hlutlaust í átökum.

Í framhaldi af þessu gerðu Íslendingar síðan formlegt samkomulag við Bandaríkin árið 1951, *Varnarsamninginn* svokallaða, sem gaf Bandaríkjamönnum leyfi til að reisa herstöð í nágrenni Keflavíkurlflugvallar. Bandaríkin skuldbundu sig til að sjá um varnir landsins og Íslendingar tóku við rekstri farþegaflugs á Keflavíkurlflugvelli. Árið 2006 fóru síðustu bandarísku hermennirnir af landi brott. Í dag sér Atlantshafsbandalagið um varnir Íslands að mestu í formi herflugvéla sem vernda lofthelgi landsins.

Umræður og verkefni

1. Áttu Íslendingar rétt á Marshall-aðstoðinni? Þurftu Íslendingar á henni að halda? Var það rétt af Íslendingum að þiggja hluta af aðstoðinni þegar landið varð ekki fyrir sömu eyðileggingu og mörg önnur lönd í Evrópu?
2. Hvernig vörðu Íslendingar þeim fjármunum sem þeir þáðu af Bandaríkjamönnum?
3. Hvaða áhif hafði það að fá svo mikið fé á svo skömmum tíma frá Bandaríkjamönnum?

„Blessað stríðið“



Þórarinn Jónsson lautinant í breska hernum spjallar við íslensk börn.

Við lok 4. áratugar, rétt fyrir upphaf stríðsins, var Ísland á barmi gjaldþrots. Verð á fiski á erlendum mörkuðum var of lágt, fátækt var mikil og atvinnuleysi jókst stöðugt. Stríðið og hernámið batt enda á þessa kreppu Íslendinga því allir sem vildu vinna gátu fengið vinnu hjá hernum. Í nóvember 1939 voru um 800 manns atvinnulausir en næstum enginn sumarið 1940. Breskir sjómenn gátu ekki lengur veitt fisk því þeir höfðu flestir skráð sig í herinn eða tekið

þátt á annan hátt, auk þess sem bresk skip voru notuð í stríðinu. Íslendingar fylltu þetta tómarúm og högnuðust vel á því. Fiskverð fjórfaldaðist þannig á einu ári, frá 1939–1940, en þannig gátu íslenskir sjómenn selt fisk til Breta á háu verði og grætt vel. Með hverndarsamningi Bandaríkjanna og Íslands lofuðu Bandaríkjamenn einnig að borga fyrir útflutning Íslendinga til Bretlands og vörur voru keyptar fyrir bandaríska dollara. Af þessum ástæðum hafa stríðsárin á



Hermenn í boði hjá íslenskri fjölskyldu.

Íslandi gjarnan verið kölluð „blessað stríðið“ af mörgum. Íslendingar græddu því vel í stríðinu. Hvort það hafi verið siðferðilega rétt er annað mál. Hvað finnst þér?

Íslenskir bændur leituðu eftir að kaupa jeppa til að nota í störfum sínum, húsfrúr sóttust eftir þvottavélum og ísskápum og unglingar eftir útvörpum. Fólk gat keypt þessa hluti því að það hafði peninga á milli handanna, peninga sem það fékk vegna Bretavinnunnar og þess gróða sem fylgdi stríðinu. Íslendingar endurnýjuðu fiskiflota sinn með stríðsgróða og Marshall-aðstoð og gátu sömuleiðis notað það sem herinn skildi eftir – vegi, flugvelli, hafnir, brýr og fleira. Íslendingar fóru úr því að vera fátækt bændasamfélag á barmi gjaldþrots yfir í að vera

sjálfstæð, stolt þjóð sem átti eftir að verða eitt auðugasta ríki heims á örfáum áratugum. Já, blessað stríðið.

Umræður og verkefni

- 1. Íslendingar högnuðust vel á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar bæði fjárhagslega og um leið urðum við sjálfstæð þjóð. En á sama tíma ríkti mikil eynd víða í Evrópu, m.a. í Danmörku. Er hægt að rökstyðja það að Íslendingar hafi þarna notfært sér ástand mála til eigin hagnaðar? Ræðið saman í pörum, þar sem annar er sammála en hinn ósammála. Skiptið síðan um hlutverk.*
- 2. Hefði Ísland náð að verða eitt af ríkustu ríkjum heims á jafn stuttum tíma ef ekki hefði verið fyrir stríðið?*

Hópverkefni

Viðtal

1. Þekkir þú einhvern sem er fæddur um eða eftir 1930? Taktu viðtal við þann aðila og kannaðu hvernig var að vera unglingur á Íslandi á þessum tíma.

Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum – heimildarmynd

2. Heimildarmyndin Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum kom út árið 2015 og segir frá „ástandsárunum“ á Íslandi – samskiptum íslenskra kvenna við hernámsliðið, persónunjósnum Jóhönnu Knudsen og íslenska ríkisins og viðhorfum landsmanna á þessum tíma. Horfðu á myndina og veltu eftirfarandi spurningum fyrir þér: Hvaða mynd er dregin upp af „ástandinu“ í myndinni? Passar hún við það sem fjallað er um í bókinni?
3. Jóhanna Knudsen kemur mikið við sögu í kaflanum um „ástandið“ og í heimildarmyndinni. Farðu inn á www.timarit.is og finndu minningargrein um Jóhönnu sem var gefin út í tímaritinu Melkorku þann 1. október árið 1950, bls. 70–71. Hvers konar mynd er dregin upp af Jóhönnu þar, samanborið við það sem fjallað hefur verið um í þessari bók og síðan heimildarmyndinni? Hvor lýsingin er sanngjarnari að þínu mati?

Flóttafólk fyrr og nú

4. Hefði það verið sanngjarnt af Íslenska ríkinu að taka við fleiri flóttafólki á þriðja áratugnum, þegar mikið var um atvinnuleysi hér á landi? Hefði það skipt máli ef flóttafólkið hefði einungis verið börn sem ekki voru á vinnualdri?
5. Undanfarin ár hefur umræða um flóttafólk verið mikil á Íslandi og í Evrópu í kjölfar stríðsátaka víða um heim. Á Ísland að taka á móti flóttafólki? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Ræðið.
6. Geturðu nefnt dæmi um þjóðernishreinsanir sem áttu sér stað eftir síðari heimsstyrjöldina? Hvers vegna áttu þær þjóðernishreinsanir sér stað? Vegna trúarbragða? Kynþáttamála? Stjórnmálaskoðana? Eða voru aðrar ástæður?

Sjálfstæð lönd eða fullvalda

7. Hver er munurinn á fullvalda ríki og sjálfstæðu?
8. Finndu dæmi um lönd sem eru í sömu stöðu í dag og Ísland var árið 1918, eftir að Sambandslögin voru samþykkt – þ.e. fullvalda en ekki sjálfstæð?
9. Mörg lönd víða um heiminn hafa barist og berjast enn fyrir sjálfstæði sínu. Finndu samlíkingu með baráttu Íslendinga og annarra þjóða? Hvaða þjóðir eru það?

Góð ráð við lestur námsbóka!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf. Um hvað fjallar bókinn? Hvað veist þú um efnið?
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin. Stundum er gott að skrifa hjá sér minnispunkta.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, til dæmis orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Veltu fyrir þér aðalatriðum og hvaða atriði skipta minna máli.
- Lestu textann aftur.
- Rifjaðu upp það sem þú last, hugsaðu um hvað þú hefur lært og reyndu að endursegja með eigin orðum.

Myndalisti ©

Bandaríska Þjóðskjalasafnið/Friðþór Eydal 20
 Karl Jóhann Jónsson 28
 Kvikmyndasafn Íslands 13
 Landsbókasafn Íslands 6 neðri
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur 15
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ Helgi Sigurðsson 5, 8
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ Karl Christian Nielsen 1, 12
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ Lou Lindzon 16
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ Páll Sigurðsson 7
 Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ Skafti Guðjónsson 6 efri, 9, 27
 Morgunblaðið/ RAX 29
 Morgunblaðið/ Gollí 19 e.h.
 Wikipedia 3, 19 n.v., 21, 22, 24, 26
 Þjóðminjasafn Íslands, kápa, 11, 14, 17, 30, 31



„BLESSAÐ STRÍÐIÐ“

Íslenskt samfélag hafði aldrei gengið í gegnum jafn miklar breytingar á jafn stuttum tíma eins og í síðari heimsstyrjöldinni. „Blessað stríðið“, eins og það hefur gjarnan verið kallað af Íslendingum vegna þeirrar hagsældar sem kom í kjölfarið, fjallar um þátt Íslands í stríðinu og breytingarnar sem gengu yfir íslenskt samfélag. Bókin hentar einkum nemendum á unglingsstigi grunnskóla til viðbótar við kennslufni um síðari heimsstyrjöldina.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40102

